

**Ávarp Sæunnar Stefánsdóttur, aðstoðarmanns ráðherra,
á fræðslufundi Vínafélags Ljósheima,
24. nóvember 2005**

Ágæta samkoma.

Ég vil byrja á því að flytja ykkur sérstaka kveðju frá Jóni Kristjánssyni, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem gat því miður ekki sjálfur komið hingað í kvöld. Önnur umræða fjárlaga stendur enn yfir og hann þarf þar af leiðandi að vera niðri þingi til að hlusta á og taka þátt í þeirri umræðu.

En ég veit að hann vildi að ég þakkaði ykkur fyrir að bjóða honum hingað á þennan fræðslufund Vínafélags Ljósheima.

Með boðinu sem ráðherra fékk fylgdi grein um starfsemi félagsins þar sem sagt er frá megintilgangi þess, þ.e. að efla tómstunda- og afþreyingarstarf fyrir heimilisfólk hjúkrunardeildarinnar á Ljósheimum og auka möguleika þeirra á tilbreytingu, jafnframt því að standa fyrir fræðslu um sjúkdóma og áherslupætti sem snúa að eldra fólki. Þarna sá ég að félagið fjármagnar starfsmann til að sinna tómstundastarfi heimilisfólks á Ljósheimum. Mér finnst afar ánægjulegt að vita af tilvist félags eins og þessa sem lætur sig varða málefni aldraðra á stofnunum og þjónustu við þá á þennan jákvæða hátt sem felur í senn í sér stuðning og aðhald.

Ég hef velt nokkuð fyrir mér þeirri yfirskrift sem sett var á erindi ráðherra: „Stórátak í byggingu hjúkrunarheimila - draumur eða möguleiki.“

Nú eru ýmist hafnar - eða á næsta leiti framkvæmdir við byggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða hér á Selfossi, á Akureyri, í Neskaupsstað og við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Þörf fyrir fjölgun hjúkrunarrýma er fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu, en víða um land er þörfinni fullnægt. Minn draumur er að vinna á biðlistunum þannig að þeir sem eru í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými fái úrræði við hæfi. Og auðvitað þurfum við að halda í við íbúafjölgun og hlutfallslega fjölgun aldraðra á næstu áratugum og tryggja nægilegt framboð rýma til samræmis við það. Þessi draumur er möguleiki og það er unnið að því að láta hann rætast.

Auðvitað er stórátak í byggingu hjúkrunarheimila mögulegt. En ég spyr: Er það sá stóri draumur sem við viljum helst láta rætast?

Enn er það svo að hlutfall aldraðra á stofnunum er hærra hér á landi en hjá flestum nágrannaþjóða okkar, þótt það hafi farið heldur lækkandi síðustu ár. Við þekkjum öll markmið laga um málefni aldraðra sem endurspegla opinbera stefnu stjórnvalda sem er að gera öldruðum kleift að búa sem lengst við eðlilegt heimilislíf. Hér tel ég enn hægt að gera mun betur, með því að efla þjónustu við aldraða í heimahúsum, fjölga dagvistarúrræðum og bæta félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun. Þetta er draumur sem ég vil gera að veruleika. Ég tel að umræða um þjónustu við aldraða hafi á liðnum árum einskorðast um of við stofnanaúrræði. Ég vil stórátak í því að efla heimaþjónustuna og tel brýnt að sveitarfélög, félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, heilbrigðisstofnanir og félagasamtök taki höndum saman og efli samræðu og samstarf á þessu sviði. Það er okkar stefna að gera öldruðum kleift að búa sem lengst heima og við þurfum að gera enn betur í því að gera því það kleift.

Í beinu framhaldi af þessu er mér sérstök ánægja að segja frá því að ráðuneytið er að ljúka gerð samnings við Heilbrigðisstofnun Suðurlands um tilraunaverkefni til tveggja ára um aukna heimahjúkrun í Árborg og nágrenni. Miðað er við að heimahjúkrun verði veitt allan sólarhringinn alla daga vikunnar og með þessu átaki verður Árborg fyrsta sveitarfélagið utan Reykjavíkur sem veitir næturþjónustu í heimahjúkrun.

Nú er í augsýn langþráð viðbygging við Heilbrigðisstofnun Suðurlands með nýrri hjúkrunardeild fyrir aldraða sem mun leysa Ljósheima af hólmi. Þá liggur fyrir það verkefni að ræða hvort og þá hvernig Ljósheimar geti áfram þjónað hlutverki við aldraða. Ýmsar hugmyndir hafa verið nefndar í því sambandi og ég vil gjarnan heyra hugmyndir ykkar og skoðanir í því sambandi.

Ég vil ljúka máli mínu með því að þakka fyrir þann áhuga sem hér kemur fram á málefnum aldraða. Þið eruð ekki ein um að sýna þann áhuga, því nánast í hverri viku tekur ráðherra á mót fulltrúum félagasamtaka, stofnana, sveitarfélaga og fleiri sem hafa fram að færa ábendingar um bættu þjónustu við aldraða eða vilja kynna hugmyndir sínar á þessu sviði og afla þeim fylgis. Þetta er ágætt eins langt og það nær. Mér finnst hins vegar stundum eins og vanti á heildarsýnina og samstarfið milli þessara aðila. Ég tel æskilegt að sveitarfélög séu leiðandi á þessu sviði í nánú samstarfi við alla þá sem koma að þessum málaflokki. Þannig tel ég líklegast að bestur árangur náist og það er nauðsynlegt til að skipuleggja öldrunarþjónustu á heildstæðan máta.

Að því sögðu vil ég segja ykkur frá því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að setja niður nefnd með fulltrúum heimamanna og ráðuneytisins sem hafi það hlutverk að fara heildstætt yfir þjónustu við aldraða á því svæði sem Heilbrigðisstofnun Suðurlands þjónar og koma með tillögur um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í samvinnu við sveitarfélög á Suðurlandi. Ætlar hann þeirri nefnd að vinna hratt og örugglega að þessu mikilvæga verkefni og skila sér tillögum sínum í vor.

(Talað orð gildir)